



## Skýrsla stjórnar SKY á Skylmingaþingi 2020



### Efnispættir:

1. Formáli
2. Skipan stjórnar
3. Helstu verkefni stjórnar SKY
  - 3.1 Skylmingamiðstöð Íslands
  - 3.2 Styrktaraðilar
  - 3.3 Afreksmál
  - 3.4 Keppnir héraðs
  - 3.5 Keppnir erlendis
  - 3.6 Alþjóðleg samskipti
  - 3.7 Fræðslu- og útbreiðslustarf
4. Rekstur SKY
5. Þátttaka á fundum, námskeiðum og þingum
6. Lokaorð

## 1. Formáli

Þetta er áttunda Skylmingaþing sem haldið er, frá stofnþingi sambandsins sem var þann 28.10.2006. Skýrsla þessi lýsir í stuttu máli helstu verkefnum sem sinnt hefur verið frá síðasta þingi.

## 2. Skipan stjórnar

Á síðasta SKY þingi 24. maí 2018 var Nikolay Ivanov Mateev kosinn formaður, í stjórn voru kosin Anna Karlsdóttir, Kristmundur Bergsveinsson, Ólafur Bjarnason og Þorbjörg Ágústsdóttir. Varamenn voru kosnir Guðjón Ingi Gestsson, Ingibjörg Laufey Guðlaugsdóttir og Sævar Baldur Lúðvíksson.

Stjórnin ákvað á sínum fyrsta fundi eftirfarandi skipan:

|                           |               |
|---------------------------|---------------|
| Anna Karlsdóttir          | varaformaður  |
| Kristmundur Bergsveinsson | gjaldkeri     |
| Þorbjörg Ágústsdóttir     | ritari        |
| Ólafur Bjarnason          | meðstjórnandi |

Nikolay sér um daglegan rekstur SKY. Stjórnin hefur komið saman um það bil annan hvern mánuð, en þéttar í kringum atburði eins og keppnir og æfingabúðir.

## 3. Helstu verkefni stjórnar SKY

### 3.1 Skylmingamiðstöð Íslands

Bylting varð í aðbúnaði fyrir skylminga á Íslandi með tilkomu Skylmingamiðstöðvarinnar í Laugardal sem vígð var 19. janúar 2008. Í Skylmingamiðstöðinni er æfingaaðstaða Skylmingafélags Reykjavíkur jafnframt því sem hún þjónar öllum landsliðshópum SKY. Salurinn státar af 12 fullbúnum keppnisbrautum á sérhönnuðu skylmingagólfi. Þar eru haldin mót og æfingabúðir, auk venjulegra æfinga. Skylmingamiðstöðin er því gríðarleg lyftistöng fyrir skylmingar á Íslandi.

Á árunum 2018 og 2019 voru haldnar tvennar æfingabúðir á ári, í tengslum við, Viking Cup í júní og keppni þá sem haldin er í tengslum við RIG leikana í janúar.

Þátttakendur hafa komið víðsvegar að og höfum við lagt áherslu á að fá þátttakendur frá hinum Norðurlöndunum.

### Alþjóðlegt mót

#### 2018

|                                    |                 |
|------------------------------------|-----------------|
| Reykjavik International Games 2018 | 3. – 4. febrúar |
| Viking Cup 2017-2018               | 28. – 29. apríl |
| Viking Cup 2018-2019               | 6. – 7. október |

#### 2019

|                                    |                   |
|------------------------------------|-------------------|
| Reykjavik International Games 2019 | 2. – 3. febrúar   |
| Viking Cup 2019                    | 5. – 6. október   |
| Norðurlandameistaramót 2019        | 19. – 20. Október |

### 3.2 Styrktaraðilar

Samningurinn við **Orkusalan** um árlegan rekstrarstyrk var endurnýjaður til loks ársins 2019. Aðrir styrktaraðilar sambandsins eru **World Class** og **Icelandair**. Orkusalan hefur styrkt beint með peningastyrkjum, en World Class með afsláttarkjörum bæði vegna keppanda okkar og einnig erlenda skyldingamenn sem komið hafa í æfingabúðir til okkar. Við viljum þakka styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn og vonum að hann haldi áfram í framtíðinni.

#### SKYLMINGAFJÖLSKYLDAN



### 3.3 Afreksmál

Á undanförunum árum hefur stjórn SKY sótt um styrki í Afrekssjóði ÍSí til styrkveitinga afreksíþróttamanna í skyldingaiþróttinni. Meginhlutverk Afrekssjóðs ÍSí í uppbyggingu afreksíþróttar á Íslandi er að styðja sérsambönd fjárhagslega og þar með íslenskt afreksíþróttafólk við að ná árangri í alþjóðlegri keppni. SKY er flokkað í Afrekshlokk B – Alþjóðleg sérsambönd.

Aftekshstefna SKY er í sífelldri endurskoðun og er útgáfa sem gerð var fyrir tímabilið 2017-2020 birt á heimasíðu Sambandsins. Vegna frestun Ólympíuleikanna 2020 til 2021 var ákveðið að fresta endurskoðun aftekshstefnunnar fram yfir Ólympíuleikana 2021. Eftirfarandi úthlutanir fengust á tímabilinu:

#### Aftekshsjóður ÍSí

|                         |               |
|-------------------------|---------------|
| Landsliðshverkefni 2018 | 7.200.000 kr. |
| Landsliðshverkefni 2019 | 9.500.000 kr. |



Andri Nikolaysson Mateev og Daníel Þór Línal Sigurðsson

Þing Skyldingasambands Íslands 8. júlí 2020

## Skylmingamenn ársins 2018



### **Andri Nikolaysson Mateev, Skylmingafélagi Reykjavíkur**

Andri Nikolaysson Mateev varð Íslandsmeistari í flokki U20 (20 ára og yngri) og í Opnum flokki í þriðja skiptið. Hann varð í 8. sæti á Viking Cup 2018, sterku Heimsbikarmóti sem haldið var á Íslandi.

Andri Nikolaysson varð einnig Norðurlandameistari í flokki U20 (20 ára og yngri) og var hann lykilmáður okkar í karlalandsliðinu sem varð Norðurlandameistari. Andri vann öll mót sem haldin voru hér á landi á árinu.



### **Anna Margrét Ólafsdóttir, Skylmingafélagi Reykjavíkur**

Anna Margrét varð Íslandsmeistari kvenna í skylmingum með höggsvörði. Hún hafnaði í þriðja sæti á Norðurlandameistaramótinu í flokki U20 (20 ára og yngri) á árinu.



## Skylmingamenn ársins 2019



### **Andri Nikolaysson Mateev, Skylmingafélagi Reykjavíkur**

Andri Nikolaysson Mateev vann það afrek að verða Norðurlandameistari og Íslandsmeistari í karlaflokki, liðakeppni og í flokki 20 ára og yngri.

Þetta er fjórða árið í röð sem Andri vinnur meistaratitla í flokki U20 (20 ára og yngri) og í Opnum flokki.



### **Mekkín Elísabet Jónudóttir, Skylmingadeild FH**

Mekkín Elísabet Jónudóttir varð Íslandsmeistari kvenna og RIG meistari kvenna árið 2019. Hún hafnaði í öðru sæti á Norðurlandameistaramótinu í kvennaflokki á árinu.

### 3.4 Keppnir hérlandis 2018 og 2019

SKY sá um Íslandsmeistaramót og Íslandsbikarmót, keppt var í barna, unglinga og fullorðinsflokki. Einnig var haldið alþjóðamótið Viking Cup sem er satellite heimsbikarmót. Átta efstu keppendur þess móts fá stig á heimslista. Í Viking Cup er bæði keppt í karla og kvennaflokki. Einnig var keppt í keppni í tengslum við RIG sem í janúar 2018 og 2019 bæði í karla og kvenna flokki.

Hér að neðan er fjöldi keppenda á ofantöldum mótum:

#### Íslandsmeistaramót fullorðinna, U20, U17 og U14

- 2018: samtals 68 keppendur
- 2019: samtals 69 keppendur

#### Íslandsmeistaramót barna B8: 7-8 ára, B10: 9-10 ára og B12: 11-12 ára

- 2018: 79 keppendur
- 2019: 86 keppendur

#### Íslandsbikarmót

- 2018: 81 keppendur í öllum aldursflokkum
- 2019: 87 keppendur í öllum aldursflokkum

#### Viking Cup, World Cup Satellite

- 2018-04-28\_29: 43 karlar frá 17 löndum, 28 konur frá 16 löndum  
**Andri Nikolaysson Mateev, 7 sæti / 43 keppendur 1 stig á heimslistann (FIE)**
- 2018-10-06\_07: 38 karlar frá 15 löndum, 20 konur frá 10 löndum  
**Andri Nikolaysson Mateev, 10 sæti / 38 keppendur**

#### RIG, Reykjavik International Games

- 2018: 78 keppandur í öllum aldurshópum frá 5 löndum  
**Skylmingamaður mótsins: Andri Nikolaysson Mateev**  
**Skylmingakona mótsins: Freyja Sif Stefnisdóttir**
- 2019: 64 keppandur í öllum aldurshópum frá 2 löndum  
**Skylmingamaður mótsins: Franklín Ernir Kristjánsson**  
**Skylmingakona mótsins: Mekkin Elísabet Ingvarsdóttir**





### 3.5 Keppnir erlendis

Á árunum 2018 og 2019 var farið á fjöldann allan af mótum. Heimsmeistaramót bæði unglunga og fullorðinna, Evrópumeistaramót, Heimsbikarmót bæði unglunga og fullorðinna ásamt Evrópumótaraðar U17.

Einnig var að sjálfsögðu farið á Norðurlandamót, með frábærum árangri eins og vanalega.

#### Norðurlandameistaramót með höggsvörði

- **2018, Lund, SWE:** yfir 100 keppendur í öllum aldurshópum frá 8 löndum  
13 íslenskir keppendur tóku þátt í hinum ýmsu flokkum: 4 gull, 1 silfur og 3 brons
- **2019, Reykjavík, ISL:** yfir 70 keppendur í öllum aldurshópum frá 5 löndum  
28 íslenskir keppendur tóku þátt í hinum ýmsu flokkum  
**Árangur Íslendinga fór fram úr björtustu vonum en alls unnu þeir 6 gull, 3 silfur og 5 brons!**



**Heimsmeistaramót unglunga (U17, 17 ára og yngri) og ungmenna (U20, 20 ára og yngri)**  
**---)----- TEAM ICELAND, 2018 Verona, ITA -----(---**



**Andri Nikolaysson Mateev**  
 Skylmingafélag Reykjavíkur  
 ---)---- U20, Höggsvörð  
 92 sæti / 159 keppendur  
**2.5 stig á heimslistann (FIE-U20)**



**Daníel Þór Líndal Sigurðsson**  
 Skylmingafélag Reykjavíkur  
 ---)---- U17, Stungusvörð  
 89 sæti / 140 keppendur



**Freyja Sif Stefnisdóttir**  
 Skylmingafélag Reykjavíkur  
 ---)---- U20, Höggsvörð  
 119 sæti / 127 keppendur



**Franklín Ernir Kristjánsson**  
 Skylmingafélag Reykjavíkur  
 ---)---- U17 og U20, Höggsvörð  
 104 sæti / 122 keppendur



**Hilmar Heiðdal**  
 Skylmingafélag Reykjavíkur  
 ---)---- U17 og U20, Höggsvörð  
 117 sæti / 122 keppendur

**Evrópumeistaramót unglunga (U17, 17 ára og yngri) og ungmenna (U20, 20 ára og yngri)**  
**---)----- TEAM ICELAND, 2018 Sochi, RUSS -----(---**



**Andri Nikolaysson Mateev**  
 Skylmingafélag Reykjavíkur  
 ---)---- U20, Höggsvörð  
 30 sæti / 63 keppendur  
**6 stig á heimslistann (FIE-U20)**



**Daníel Hugli Magnússon**  
 Skylmingafélag Reykjavíkur  
 ---)---- U17, Höggsvörð  
 53 sæti / 55 keppendur



**Daníel Þór Líndal Sigurðsson**  
 Skylmingafélag Reykjavíkur  
 ---)---- U17, Stungusvörð  
 47 sæti / 69 keppendur



**Franklín Ernir Kristjánsson**  
 Skylmingafélag Reykjavíkur  
 ---)---- U17, Höggsvörð  
 45 sæti / 55 keppendur



**Hilmar Heiðdal**  
 Skylmingafélag Reykjavíkur  
 ---)---- U17, Höggsvörð  
 54 sæti / 55 keppendur



**Kjartan Óli Ágústsson**  
 Skylmingafélag Reykjavíkur  
 ---)---- U17, Höggsvörð  
 54 sæti / 55 keppendur



**Liðakeppni U17:** Daníel Hugli Magnússon, Franklín Ernir Kristjánsson, Hilmar Heiðdal  
 og Kjartan Óli Ágústsson  
 13 sæti

Heimsmeistaramót unglunga (U17, 17 ára og yngri) og ungmenna (U20, 20 ára og yngri)  
---)----- TEAM ICELAND, 2019 Torun, POL -----(---



**Andri Nikolaysson Mateev**  
Skylmingafélag Reykjavíkur  
---)----- U20, Höggsvörð  
36 sæti / 147 keppendur  
**5 stig á heimslistann (FIE-U20)**



**Daníel Þór Líndal Sigurðsson**  
Skylmingafélag Reykjavíkur  
---)----- U20, Stungusvörð  
147 sæti / 173 keppendur



**Einar Steinn Kristjánsson**  
Skylmingafélag Reykjavíkur  
---)----- U17 og U20, Höggsvörð  
71 sæti / 108 keppendur  
142 sæti / 147 keppendur



**Franklín Ernir Kristjánsson**  
Skylmingafélag Reykjavíkur  
---)----- U17 og U20, Höggsvörð  
46 sæti / 108 keppendur  
139 sæti / 147 keppendur



**Kjartan Óli Ágústsson**  
Skylmingafélag Reykjavíkur  
---)----- U17 og U20, Höggsvörð  
104 sæti / 108 keppendur  
146 sæti / 147 keppendur



**Liðakeppni U20:** Andri Nikolaysson Mateev Einar Steinn Kristjánsson, Franklín Ernir Kristjánsson og Kjartan Óli Ágústsson  
31 sæti, **16 stig á heimslistann (FIE-U20)**

Evrópumeistaramót unglunga (U17, 17 ára og yngri) og ungmenna (U20, 20 ára og yngri)  
---)----- TEAM ICELAND, 2019 Foggi, ITA -----(---



**Andri Nikolaysson Mateev**  
Skylmingafélag Reykjavíkur  
---)----- U20, Höggsvörð  
38 sæti / 69 keppendur  
**3 stig á heimslistann (FIE-U20)**



**Daníel Þór Líndal Sigurðsson**  
Skylmingafélag Reykjavíkur  
---)----- U17, Stungusvörð  
57 sæti / 81 keppendur  
**3 stig á heimslistann (FIE-U20)**



**Anna Margrét Ólafsdóttir**  
Skylmingafélag Reykjavíkur  
---)----- U20, Höggsvörð  
58 sæti / 59 keppendur



**Daníel Hugí Magnússon**  
Skylmingafélag Reykjavíkur  
---)----- U20, Höggsvörð  
66 sæti / 69 keppendur



**Kjartan Óli Ágústsson**  
Skylmingafélag Reykjavíkur  
---)----- U17, Höggsvörð  
63 sæti / 74 keppendur



**Heimsmeistaramót fullorðna**  
**Budapest, HUN**



**Andri Nikolaysson Mateev**  
Skylmingafélag Reykjavíkur  
---)---- U20, Höggsvörð  
75 sæti / 161 keppendur  
**2.5 stig á heimslistann (FIE-KK)**

**Evrópumeistaramót fullorðna**  
**Dusseldorf, GER**



**Andri Nikolaysson Mateev**  
Skylmingafélag Reykjavíkur  
---)---- Karla, Höggsvörð  
36 sæti / 61 keppendur  
**3 stig á heimslistann (FIE-KK)**



Einnig ber að nefna árangur **Alexander Viðar**, en Alexander lenti í 3 sæti í sínum aldursflokki (13 ára og yngri) á alþjóðlegu í Wrocław, í Pólandi (Challenge Wratislavia 2018). Keppendur voru 123 frá ca. 20 löndum og teljum við þetta því glæsilegan árangur hjá ungum og efnilegum skylmingamanni.



### 3.6 Alþjóðleg samskipti

Alþjóðlegt samstarf hefur verið mikið og gott á tímabilinu.

Nikolay Mateev er varaforseti Evrópska Skylmingasambandsins (EFC). Nikolay hefur setið í nefnd Alþjóðaskylmingasambandsins (FIE) um kynningar-, samskipta- og markaðsmál allt frá árinu 2008 og er núverandi formaður þeirrar nefndar. Einnig var hann formaður þjálfaranefndar EFC 2009-2013 og nefndarmaður í mótanefnd EFC og síðar formaður mótanefndar frá 2013-2020. Guðjón Ingi Gestsson starfaði í tækninefnd Alþjóða Skylmingasambandsins (FIE) 2012-2020.

Nikolay og Guðjón Ingi störfuðu í mótstjórn á vegum FIE og EFC. Bæði Nikolay og Guðjón fóru síðan sem eftirlitsmenn á fjölda heimsbikarmóta á vegum FIE. Nikolay hefur setið aðalfund Alþjóðasambandsins, Evrópska sambandsins og Norræna sambandsins.

### 3.7 Fræðslu- og útbreiðslustarf

Útbreiðsla skylmingaíþróttarinnar innanlands er okkur hjartans mál og munum við halda áfram að sinna henni eins vel og við getum á næstu árum.

---)---- Vefsíða SKY [www.skylmingar.is](http://www.skylmingar.is), er uppfærð reglulega með nýjustu fréttum og upplýsingum

---)---- SKY nýtir samfélagsmiðla, t.d. **Facebook** og **Instagram**

Skylmingafélag Reykjavíkur rekur skylmingaskóla fyrir nemendur á aldrinum 4 til 6 ára og hefur þessu verið mjög vel tekið og stöðug aukning hefur verið af þáttakendum. Hjá skylmingaskólanum fer fram áhugaverð dagskrá þar sem haft er að leiðarljósi að efla skyn- og hreyfiproska barnanna ásamt því að kenna þeim helstu grunnatriði skylmingaíþróttarinnar. Í tímunum er notast við skylmingabúnað sem er sérstaklega hannaður fyrir börn á þessum aldri.

Á Stykkishólmi hefur Ragnar Ingi Sigurðsson, sigursælasti skylmingamaður Íslands, haldið sumarnámskeið í skylmingum sl. 2 ár, 2019 og 2020. Ragnar stefnir að því að kenna skylmingar í íþróttum í Grunnskóla Stykkishólms á næsta skólaári.

Á Þingeyri, hefur Arnar Sigurðsson, haldið skylminganámskeið sl. 2 ár, sem hafa verið mjög vinsæl og vel sótt.

Útbreiðslustarf hefur á undanförunum árum að helst byggst á kynningum í skólum, sem og kynningum til fyrirtækja, þar sem starfsmönnum er gert kleift að koma og spreyta sig á skylmingum með aðstoð þjálfara.

## 4. Rekstur SKY

Stjórn SKY er ábyrg fyrir fjárhagslegum rekstri sambandsins. Daglegur rekstur er í höndum formanns, Nikolay Mateev.

Ársreikningar eru færðir samkvæmt bókhaldslyklum ÍSí. Þeir eru áritaðir af stjórn og félagslega kjörnum endurskoðendum.

## 5. Þátttaka á þingum, fundum og námskeiðum

Formaður og varaformaður hafa sótt fundi hjá ÍSí, t.d. formannafund ÍSí. Eins og áður segir hefur Nikolay setið fundi á vegum Norræna-, Evrópska- og Alþjóðaskylmingasambandsins.

## 6. Lokaorð

Rekstur sambandsins gengur vel og við horfum bjartsýn fram á veginn.

Mikilvægt er fyrir íslenskar skylmingar að fylgjast með framþróun skylmingaþjálfunar á heimsvísu. Íslenskir skylmingamenn eru fremstir í skylmingum með höggsvörði á Norðurlöndum og stefnt er að því að halda þessu forskoti með því að afla þekkingar á nýjustu og bestu þjálfunaraðferðunum.

Stefnt er að því að halda þjálfaranámskeið og dómaranámskeið í tengslum við heimsbikarmótið Viking Cup sem á að halda í nóvember 2020.



Reykjavík, 8. júlí 2020,  
fyrir hönd stjórnar Skylmingasambands Íslands,  
Nikolay Mateev og Anna Karlsdóttir